

Afskráningar úr stjórnnum hafa aukist verulega.

Á síðustu vikum og mánuðum hafa margir einstaklingar verið að skrá sig úr stjórnnum fyrirtækja og því fer fjöldi stjórnarmanna í fyrirtækjum hér á landi minnkandi. Í maí 2009 var meðalfjöldi einstaklinga í stjórnnum fyrirtækja 1,62 talsins, en er í dag kominn niður í 1,55 stjórnarmann að meðaltali. Varamenn í stjórn eru þá ekki meðtaldir.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á fjölda stjórnarmanna í skráðum fyrirtækjum á 12 mánaða tímabili. Þar kemur m.a. fram að í maí 2009 voru tæplega 17 þúsund fyrirtæki með 3 einstaklinga í stjórn. Á sama tíma nam fjöldi þeirra fyrirtækja með 2 stjórnarmenn rúmlega fjögur þúsundum. Í dag er þessu öfugt farið, því tæplega 21 þúsund fyrirtæki eru nú með aðeins einn í stjórnarmann og tæplega 5 þúsund fyrirtæki með 3 einstaklinga í stjórn.

Fjöldi einstaklinga sem skráðir eru sem aðalmenn í stjórn	maí.09	maí.10
Fjöldi í stjórn 1	4.109	20.965
Fjöldi í stjórn 2	16.883	4.757
Fjöldi í stjórn 3	4.473	4.602
Fjöldi í stjórn 4	3.785	578
Fjöldi í stjórn 5	673	596
Fjöldi í stjórn 6	495	43
Fjöldi í stjórn 7	50	46
Fjöldi í stjórn 8	36	8
Fjöldi í stjórn 9	7	4
Fjöldi í stjórn 10	2	2
Fjöldi í stjórn 11	3	0
Fjöldi í stjórn 12	1	1
Fjöldi í stjórn 13	2	0

Margir óupplýstir um eigin ábyrgð.

Skv. 40. gr einkahlutafélagalaganna nr. 138/1994 getur stjórnarmaður hvenær sem er sagt sig úr viðkomandi stjórn og gerir það þá með því að tilkynna afskráningu sína skriflega til RSK. Honum ber einnig að tilkynna stjórninni úrsögn sína, þar sem sú skylda hvílir á hinum í stjórninni að kjósa nýjan stjórnarmann.

Skv. upplýsingum Creditinfo er talsvert um að einstaklingar séu enn skráðir í stjórnir sem þeir telja sig komna úr. Helsta skýring þess virðist sú að RSK hefur ekki borist tilkynning um afskráningu viðkomandi þó að hann/hún telji að svo hafi verið. Þá er allur gangur á því hve upplýstir einstaklingar eru á öðrum breytingum stjórnarmanna, t.d. upplýsingar um að stjórnarmönnum hefur fækkað verulega í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem þeir sitja í stjórnnum fyrir. Eftirfarandi er raundæmi frá því 21.maí 2010 þar sem nafni félags hefur verið breytt.

Jón Jónsson ehf, stofnað 2006.

- Skv. stofngögnum og samþykkt, er gert ráð fyrir 1-3 manna stjórn og varastjórn. Í stjórn félagsins er skráður einn stjórnarmaður og einn varamaður.

- Skv. aukatilkynningu í lok október 2008 segir stjórnarmaður sig úr stjórn. Enginn er skráður í hans stað
- Síðan þá hefur félagið því aðeins verið með varamann í stjórn skv. opinberum gögnum.

Creditinfo áætla að skráning 150 – 200 fyrirtækha sé með sambærilegum hætti í Hlutafélagaskrá, en það er á ábyrgð viðskiptalífsins sjálfs að fylgja þessum hlutum eftir.

Þess má geta að ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn.

Rúmlega 400 fyrirtæki með „auða“ stjórn og varastjórn.

Í dag eru ríflega 400 fyrirtæki með „auða“ stjórn, þ.e. engir eru skráðir í stjórn þeirra. Í lögum um ábyrgð stjórnarmanna segir meðal annars, að verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvári um ný stjórn tekur við.

Creditinfo telur því ljóst, að talsverður fjöldi fólks geri sér ekki grein fyrir stöðu sinni, heldur telji að með afskráningu úr stjórn hafi ábyrgð þess þar með verið lokið. Að undanskildum þeim 150 – 200 fyrirtækjum sem nú eru skráð með einungis varamann í stjórn má jafnframt ætla að þau ríflega 400 fyrirtæki sem ekki eru með neina skráða í stjórn, þurfi annað hvort að sjá til þess að ný stjórn verði skráð eða gera ráð fyrir því ella, að þeir sem síðast voru skráðir úr stjórn standi sem ábyrgðaraðilar félagsins.

Geta skal þó þess, að algengt er að afskrá nafn sitt úr stjórn félags, sem er að fara í greiðsluþrot og koma þannig í veg fyrir að nafnið verði birt í rekstrarsögu viðkomandi þrotafyrirtækis. Sá einstaklingur er þá meðvitaður um áframhaldandi ábyrgð sína sem fyrrverandi stjórnarmaður, en vill koma í veg fyrir nafnbirtingu sína í Hlutafélagaskrá.

Hver er í stjórn hvar?

Creditinfo telur margt benda til þess að einstaklingar, sem eru skráðir stjórnarmenn víða í Hlutafélagaskrá, skorti yfirsýn yfir það hvaða stjórnnum þeir skipa, sem aðalmenn eða varamenn. Eins að menn séu lítið upplýstir um breytingar sem gerðar eru á stjórnnum félaga, t.d. hvaða einstaklingar sitja með þeim í stjórn. Einstaklingar geta í öllum tilvikum óskað eftir upplýsingum um það hjá Creditinfo í hvaða stjórnnum þeir sitja og hverjir sitja með þeim í stjórn. Þessar upplýsingar eru þá sóttar í kerfi Creditinfo eða skýrsla send á lögheimili viðkomandi.